



Áskorun til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Á alþjóðlegum upplýsingafundi hagsmunaaðila grásleppuveiða og kaviarframleiðenda (LUROMA) sem haldinn var í Reykjavík 2. febrúar síðastliðinn var rædd sú alvarlega staða sem upp er komin vegna afturköllunar MSC vottunar fyrir grásleppuveiðar.

Fundurinn styður einróma kröfu Landssambands smábátæigenda til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem fram kemur í bréfi LS dagsett 1. febrúar 2018. Þar eru gerðar alvarlegar athugasemdir við skýrslu Hafrannsóknastofnunar um meðafla við grásleppuveiðar á árinu 2016 og þess krafist að ráðuneytið beiti sér fyrir endurskoðun skýrslunnar.

Allir þátttakendur lýsa yfir verulegum áhyggjum vegna þeirra áhrifa sem afturköllun vottunar hefur í för með sér. Að óbreyttu mun ákvörðunin leiða til óbætanlegs tjóns fyrir grásleppuveiðar og vinnslu á grásleppuhrognum á Íslandi.

MSC vottun grásleppuhrogna er forsenda fyrir sölu grásleppukavíars á flesta erlenda markaði.